

# „Tollfrjálst“

**F**élag atvinnurekenda gerði fyrir stuttu samanburð á niðurstöðum útboða á „tollfrjálsum“ innflutningskvóta á búvorum frá ríkjum Evrópusambandsins undanfarin þrjú ár. Niðurstaðan er í stuttu máli sú að áfram er mikil umframeftirspurn innflutningsfyrirtækja eftir því að fá að flytja inn vörur samkvæmt samningi Íslands og ESB, oft fjór- til fimmföld á við það magn sem er í boði.

Það er svo rökkrétt afleiðing að fyrirtækini bjóða að hærra í innflutningskvótann og þar með haekkar það gjald, sem þau þurfa að greiða ríkinu til að fá að flytja inn „tollfrjálu“ vöruna. Mest haekkar útboðsgjaldið á svínakjöti, eða um 21%. Ætla má að þá verði raunveruleg tollvernd á svínakjöti frá ESB riflega 30% á árinu – en það átti að vera tollfrjálst.

Í tilviki alifuglakjöts er haekkunin aðeins ein króna á kiló frá fyrra ári. Ástaðan er að „tollfrjálsi“ kvótinn er þegar orðinn svo dýr að það kostar álika mikil að flytja kjötið inn frá ESB á almennum tollum!



**ÓLAFUR STEPHENSEN**  
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

Samtals munu neytendur borga 330 milljónir króna í rikissjóð á árinu af vörum sem áttu að vera tollfrjálsar. Útboðskerfið vinnur augljóslega gegn markmiðum samningsins við ESB um að lekka matarverð og suka fjölbreytni í vörurúvali. Í samningnum stendur að aðilar hans muni „gera ráðstafanir til að tryggja að ávinningnum, sem þeir veita hvor öðrum, verði ekki stefnt í haettu með öðrum takmarkandi innflutningsráðstofunum“. Erfitt er að sjá hvernig útboðskerfið stenzt þessa grein samningsins.

Nokkur innflutningsfyrirtæki hafa látið reyna á lögmaði útboðsfyrirkomulagsins fyrir dómstólum. Mál þeirra verða tekin fyrir í Hæstarétti í lok vikunnar. Þau höfðu raunar betur í héraðsdómi síðastliðið vor. Í millitiðinni breytti Alþingi lögum, þvert á tilmæli Samkeppniseftirlitsins, og festi útboðsfyrirkomulagið í sessi.

Hver sem niðurstaðan verður í Hæstarétti er ljóst að íslenzk stjórnvöld hafa í rauninni rangt við í samskiptum sinum við Evrópusambandið. Með annarri hendinni semja þau um tollfrelsi vörur, en með hinni úthluta þau tollfrjálsa kvótanum með aðferðum sem hafa í sumum tilvikum étíð upp allan ávining af tollfrelsinu. Þetta stenzt enga skoðun. ■